



FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA

Fréttabréf FIT Félags iðn- og tæknigreina, ábm. Hilmar Harðarsson 1. tbl. 1. árg. júní 2003

Fréttabréf

Fyrsta stjórn FIT



Fyrsta stjórn FIT eftir stofnfundinn 12. apríl sl.

12. apríl s.l. var stofnfundur "Félags iðn- og tæknigreina." Þar sameinuðust: Félag garðyrkjemanna; Sunniðn; Bíliðnafélagið/Félag blikksmiða; Málarafélag Reykjavíkur og Félag byggingarmanna í Hafnafirði.

Eftirtaldir voru kjörnir í stjórn: Formaður Hilmar Harðarson, bifvélavirki Reykjavík; varaformaður Tryggvi Arnarsson, garðyrkjumaður Reykjavík. Aðrir í stjórn eru: Ármann Ægir Magnússon, húsasmiður Hveragerði; Sveinn Ingason, bifvélavirki Hafnafirði; Georg Ólafsson, málari Reykjavík; Andrés Hreinsson, húsasmiður Hafnafirði; Einar Þór Gíslason, bifreiðasmiður Reykjavík; Gunnar Björn

Gunnbjörnsson, blikksmiður Reykjavík og Sveinn Jónsson, bifvélavirki Reykjavík. Varamenn eru: Axel Gissurarson, húsasmiður Selfossi; Helgi Ólafsson, bifvélavirki Reykjavík og Þorsteinn Kristmundsson, málari Kópavogi.

Á fyrsta stjórnarfundi var Ármann Ægir Magnússon, kjörinn gjaldkeri, og Sveinn Ingason, ritari.

Í trúnaðarráði eru allir þeir sem gegndu trúnaðarstörfum félaganna, ríflega eitt hundrað manns.

Á stofnfundinum var kosið um nafn félagsins, hlutskarpast var: "Félag iðn- og tæknigreina, FIT."

Orlofsmál

Fyrsta verk nýrrar stjórnar var að setja saman bækling um orlofskosti FIT. Hann hefur verið sendur öllum félögum FIT. Umsóknar frestur rann út 15. maí sl. 207 vikur voru í boði í sumarhúsum auk tjaldvagna. Á þriðja hundruð umsókna bárust, 60% var úthlutað strax. Þeir sem fengu ekki fyrsta valkost hefur verið sent bréf um þær vikur sem eru lausar, eftir það verður hægt að kanna hvort lausar vikur eru til eða hafa losnað.

Orlofsuppbót

Starfsmaður, sem hefur áunnið sér fullan orlofsrétt, með starfi hjá sama atvinnurekanda næstliðið orlofsár og er í starfi í síðustu viku apríl eða í fyrstu viku maí, skal við upphaf orlofstöku eða eigi síðar en 15. ágúst fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót, til sveina kr. **20.400,-** á árinu 2003 og til nema kr. **15.400,-** miðað við fullt starf, en hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma. Fullt starf telst í þessu sambandi 45 unnar vikur eða meira fyrir utan orlof.

Orlofsuppbót er föst tala og tekur ekki launabreytingum skv. öðrum ákvæðum.

Orlof

4.1.1.

Um orlof skal fara að lögum nr. 30/1987. Þar er gert ráð fyrir því að orlofi af öllum tekjum megi breyta í orlofstíma. Þá er miðað við að orlof skuli greiða af öllum tekjum og hlunnindum að kostnaðarliðum undanskildum.

4.1.2.

Lágmarksorlof skal vera 24 dagar. Orlofslaun skulu vera 10,17% af öllu kaupi að kostnaðarliðum undanskildum.


4.1.3.

Laugardagar, sunnudagar og helgidagar teljast ekki orlofsdagar.

Eftir 5 ár í iðninni er orlof 27 dagar 11,59% og eftir 10 ár hjá sama fyrirtæki 28 dagar 12,07%.

Opnunartími Þjónustuskrifstofunar

Skrifstofa okkar er opin, mánudaga til fimmtudaga frá 08:00 - 16:00 og föstudaga frá 08:00 - 15:00
Símanúmer okkar er 535 6000 og e-mail er bilidn@rl.is



Orlofshúsabæklingur FIT 2003



Í Úthlíð er einnig eitt af glæsilegum sumarhúsum.



Stóra Hof, eitt af mörgum glæsilegum sumarhúsum félagsins.



Fréttabréf

Félag iðn- og tæknigreina - Suðurlandsbraut 30/

Borgartún 30 - Sími 533 6000

Ábm. Hilmar Harðarson.

1. tbl. 1. árg. júní 2003

Hönnun og prentun: Stafræna hugmyndasmiðjan

Golfmót Samiðnar

Golfmót Samiðnar fór fram 15. júní sl. Mótið var jafnframt innanfélagsmót aðildarfélaga Samiðnar og var það opið öllum félagsmönnum Samiðnar og fjölskyldum þeirra. Mótið heppnaðist vel og urðu úrslit eftirfarandi:

Án forgjafar

1. Óskar Pálsson 36
2. Örn Gíslason 34
3. Rafn Rafnsson 33

Með forgjöf

1. Jón Valgeir 60
2. Konráð Ægisson 49
3. Ingi Freyr Rafnsson 46

Unglingar

1. Anton Jón Loftsson 49
2. Andri Óskarsson 40
3. Gísli Árnason 39

Náandarverðlaun

Ingi Freyr Rafnsson 4,69 m

FIT

Án forgjafar

1. Jón Ívarsson 32
2. Ragnar B. Gunnarss 18
3. Jens Friðriksson 15

Með forgjöf

1. Jón Valgeir 60
2. Konráð Ægisson 49
3. Hjörtur L. Harðarson 36

TR

Án forgjafar

1. Óskar Pálsson 27
2. Rafn Rafnsson 33
3. Garðar Ólafsson 27

Með forgjöf

1. Ingi Freyr Rafnsson 46
2. Flóki Ingvarsson 40
3. Ragnheiður Sigurðard. 40

Félag Járniðnaðarmanna

Án forgjafar

1. Örn Gíslason 34
2. Loftur Eyjólfsson 24
3. Sigmar Örn Eyjólfss 17

Með forgjöf

1. Rúnar Halldórsson 43
2. Guðni Guðnason 43
3. Sigurður P. Sigurðars 41



Sveit Trésmiðafélagsins vann félagakeppnina. Sveitina skipa: Ingi Freyr Rafnsson, Rafn Rafnsson og Ragnheiður Sigurðardóttir.

Sigurveggarar í sínum flokkum.



Sveinspróf málara

Myndir af sveinsprófi í málaraíðn. Óvenju margir málara í sveinsprófi. 29 tóku próf í júní, 24 frá Reykjavík og 5 frá Akureyri.



Málara að störfum hjá Orkuveitu Reykjavíkur



FIT flytur í Borgartún 30

Í janúar seldi Félag iðn- og tæknigreina sinn hluta í Suðurlandsbraut 30 til Landsíma Íslands. Leitað hafði verið að hentugu húsnæði fyrir félagið og fannst það í Borgartúni 30. Þar ætlar félagið að koma sér fyrir ásamt þeim félögum sem hafa rekið saman þjónustuskrifstofu iðnfélaga. Einnig verður Félag járníðnaðarmanna á hæðinni. Húsið er hið glæsilegasta og vonum við að þetta verði starfsemi okkar til framtíðar.

Þess má geta að á fyrstu hæðinni er Sameinaði lífeyrissjóðurinn til húsa.



Endurvinnsla bíla

skýrsla um ferð til Danmerkur

Eins og kunnugt er taka á næstunni gildi reglur hér á landi, um endurvinnslubíla. Reglur þessar þykja sambærilegar við þær, sem í gildi eru í Danmörku. Jónas Þór Steinarsson, framkvæmdastjóri BGS heimsókti Danmörku og kynnti sér þessar reglur ásamt fleirum, hér er úrdráttur úr skýrslu hans um ferðina.

Heimsókn í Miljöstyrelson.

Fimmtudag 8. maí kl. 15:00

Þátttakendur í fundinum auk gesta voru Leif Mortenssen deildarstjóri og Peter Grau starfsmaður sem hefur með bílamálefni að gera.

Skrotningsordningen.

Farið var yfir fyrirkomulag varðandi móttöku og eyðingu bíla í Danmörku.

Fram kom hjá Leif Mortenssen að ákveðið hefði verið að setja upp kerfi fyrir Danmörku á árunum 1998 - 1999 og hefði það byrjað 1. júlí 2000. Þessar dönsku reglur eru í stórum dráttum í samræmi við Evrópureglur en bílar sem skildir voru eftir á víðavangi höfðu verið töluvert vandamál í Danmörku. Evrópureglur um móttöku og eyðingu bíla ELV og voru settar skömmu á eftir og hafa Danir að stærstum hluta aðlagð sig að þeim reglum fram til 2006 en ekki liggur alveg ljóst fyrir hvenig fyrirkomulag verður frá 2007 þegar full framleiðandaábyrgð tekur gildi.

Kerfið gildir fyrir fólksbíla að 8 farþegum og sendibíla upp í 3,5 tonn. Aðrir greiða sjálfir fyrir eyðingarkostnað.

Greiðslur til bíleigenda í dag eru 1.750 danskar krónur en lagt er á árlegt fast gjald á alla bíla sem eru



Heimsókt var verkstæði þar sem tæming vökva var gerð.

í kerfinu dkr. 60. Móttökuaðilar bíla eru um 210 um allt land en 4 - 5 aðilar sem pressa og vinna bílana. Bíleigandinn fær s.s. 1750 dkr. í hendurnar en greiðir fyrir förgun bílsins t.d. um 800 dkr. til móttökuaðilans. Misjafnt er hve menn taka mikið fyrir að taka við bílnum og þá tæma hann af öllum vökvum, taka úr geymi og annað sem á að fjarlægja og gera bílinn tilbúinn í það sem þeir kalla miljøbehandling.

Inn í þessu danska kerfi eru bílar sem voru á skrá fyrir 1. júlí 2000 en frá 1. júlí 2002 þá kom inn framleiðendaábyrgð fyrir ný innflutta bíla og hefur sá hluti verið leystur með því að lítillega er greitt af hverjum innfluttum nýjum bíla eða aðeins 3 - 4 dkr. sem hækkar í áföngum upp í 15 dkr. til 2006. Hvernig kerfið lítur út eftir 1. janúar 2007 liggur ekki ljóst fyrir.

Þá ræddu menn einnig um það hugsanlegt væri að nokkur

samkeppni yrði og að bílainnflytjendur myndu setja upp sitt eigið kerfi til að taka við bílunum. Í Danmörku koma um 80.000 bílar til eyðingar og þar af eru um 30.000 bílar sem lent hafa í tjónum.

Almennt kom fram að menn eru mjög ánægðir með þetta kerfi og vonast til að það geti haldið áfram á svipaðan hátt eftir 2007.

Að lokum.

Segja má að menn hafi séð að það kerfi sem búið er að skipuleggja hér sé mjög sambærilegt og það kerfi sem danirnir tóku upp árið 2000 en eftir eigi að aðlaga þetta íslenska kerfi að þeim breytingum sem urðu með ELV reglugerðinni árið 2002 og taka tillit til þeirra ákvæða sem gildi taka 2007.

Jónas Þór Steinarsson
15. maí 2003

FIT gengur til liðs við Janus endurhæfingu ehf.

Félag iðn- og tæknigreina, FIT, hefur gerst hluthafi í Janus endurhæfingu ehf. í þeim tilgangi að auka þjónustu við félagsmenn. Sameinaði lífeyrissjóðurinn setti fyrirtækið á stofn árið 2000 sem tilraunaverkefni. Markmiðið með þessari tilraun var að kanna hvort ekki væri hægt að aðstoða það fólk sem er á örorkubótum hjá sjóðunum við að komast út í atvinnulífið á ný.

"Það hefur sýnt sig að þessi tilraun átti fullan rétt á sér. Um síðustu áramót höfðu 60 einstaklingar nýtt sér þjónustu Janusar og af þeim eru 15 komnir aftur út í atvinnulífið, 8 höfðu sest á skólabekk, en 18 voru í áframhaldandi endurhæfingu," segir Þorbjörn Guðmundsson, formaður stjórnar Janusar. Hann segir að þetta teljist býsna góður árangur.

"Í ljósi þess hversu vel þetta tilraunaverkefni hefur gengið var ákveðið að halda áfram, styrkja fyrirtækið og leita að nýjum aðilum sem vildu koma með okkur í þetta. Niðurstaðan varð sú að 10

nýir hluthafar hafa nú gengið til liðs við Janus, þar á meðal FIT, Efling og VR. Þetta gerir okkur mögulegt að efla þjónustuna og styrkja rekstrargrundvöllinn," segir Þorbjörn og væntir mikils af því starfi sem unnið er hjá Janusi. Það starf segir hann einstakt þar sem samhliða endurhæfingunni sé lögð áhersla á endurmenntun.

"Það er afar mikilvægt fyrir fólk sem lendir í slysi, eða verður fyrir öðrum áföllum sem leiða til atvinnumissis, að geta strax tekið á vandamálunum og helst innan þriggja mánaða frá því áfallið reið yfir. Því leggjum við áherslu á að verkalýðsfélögin komi með okkur í þetta starf. Margt af þessu fólki þiggur dagpeninga frá sjúkrasjóðum félaganna, en kemur ekki inn sem örorkubótaþegar til lífeyrissjóðanna fyrr en eftir kannski hálfu ári. Því fyrr sem hægt er að ná til þeirra sem þurfa á þjónustu Janusar að halda, þeim mun betri árangurs má vænta," segir Þorbjörn.

Sú endurhæfing sem Janus býður skjólstæðingum sínum er

margþætt. Aðaláherslan er lögð á andlega og líkamlega endurhæfingu. "Endurhæfingin miðast við þarfir og stöðu hvers einstaklings og búin eru til endurhæfingarúrræði fyrir hvern og einn. Janus rekur ekki eigin endurhæfingarstöð heldur semur hverju sinni við ýmsa aðila sem sinna verkefnum á okkar vegum," segir Þorbjörn og bendir í því sambandi á samning milli Janusar og Iðnskólans í Reykjavík. "Fólk sem er í endurhæfingu hjá okkur getur sótt sér ýmsa fræðslu hjá Iðnskólanum. Auk þess erum við með samninga við fjölda sérfræðinga sem okkar fólk sækir til, bæði hvað varðar líkamlega og andlega endurhæfingu. Eitt af því mikilvægasta í svona starfi er eftirfylgnin en þeim þætti sinnir starfsfólk Janusar," segir Þorbjörn og leggur áherslu á að þeir sem koma til endurhæfingar geri það að eigin frumkvæði og með þann vilja í farteskinu sem þarf til að ná árangri.

Brautskráning nýsveina í bíliðnum og blikksmíði

Félag iðn- og tæknigreina stóð nýverið fyrir hófi fyrir nýsveina í bíliðnum og blikksmíði er þeir fengu afhent sveinsbréf sín. Að þessu sinni brautskráðust 8 í bíliðnum og 14 í blikksmíði.



Nýsveinar í blikksmíði.



Nýsveinar í bíliðnum ásamt formanni FIT.

Fyrsti trúnaðarráðsfundurinn heppnaðist vel

Á trúnaðarráðsfundinum sem var 26. maí sl. voru rædd kjaramál og undirbúningur fyrir kjarasamninga, lífeyris-sjóðsmál og starf fagraða.

Verið er að vinna í gerð heimasíðu FIT og nýrra netfanga starfsmanna. Þá hafa verið í gangi viðræður um þjónustuskrifstofuna á Suðurlandsbraut 30 ásamt samningum um kaup á nýju húsnæði í Borgartúni 30 þar sem Sameinaði lífeyrissjóðurinn er til húsa. Félagslegir starfsmenn verða auk Hilmar Harðarsonar, Camilla Ragnars Reykjavík og Jónína Halldóra Jónsdóttir á Selfossi.

Katrín Ingvarsdóttir starfsmaður í Hafnarfirði hefur sagt upp starfi sínu, eru henni þökkúð óeigingjörn störf og óskað velfarnaðar í framtíðinni. Örvor Ingólfsson í síma 892 4640 sér um mælingar fyrst um sinn fyrir byggingarmenn í Hafnarfirði.

Heimasíða Samiðnar er www.samidn.is

Við hvetjum félagsmenn og atvinnurekendur til að kynna sér síðuna. Þar er að finna m.a. kauptaxta, kjarasamninga o.fl.

Heimasíða Sameinaða lífeyrissjóðsins

www.lifeyrir.is þar er að finna upplýsingar um iðgjöld, rafrænar skilagreinar o.fl.



Hilmar Harðarson er formaður og félagslegur starfsmaður FIT.

Úr sérkjarasamningi

milli Félags Garðyrkjumanna nú Félag iðn- og tæknigreina og Sambands garðyrkjubænda.

- Eiturálag er 40% ofan á tímakaup. Undantekning frá því er vinna við uppeldi á afskornum blómum og pottaplöntum til notkunar innanhúss, þar er eiturálagið 20% ofan á tímakaup. Hér er átt við alla notkun og meðferð plöntulyfja (örgresisefni, sveppalyf, skor-dýraeitur o.s.frv.).
- Klippingarálág er 15%. Það einskorðast við þá sem eru að vinna með tækin og uppi í trjám við krónuklippingar. Tækin sem hér um ræðir eru limgerðisklippur, keðjusagir, kjarrsagir, trákurlarar og aðrar þær vélar sem notaðar eru við klippingar og grisjun.

Merki nýs félags

Merki nýs félags hefur litið dagsins ljós. Hönnuður merkisins er Heimir Hólmgeirsson og sagði hann í samtali við fréttabréf FIT að aðalatriðið hafi verið að merkið væri fallegt og grípandi sem tákn félagsins.

"Grunnhugmyndin var að myndgera tvö stærstu skref í sögu iðnaðar og tækni, þ.e. þegar við fundum upp hjólið og þegar við stigum á tunglið. Merkið sýnir hjól þar sem rauði depillinn eða punkturinn yfir "i" er öxull, merkið sýnir líka tungl í dökkgulum lit þar sem rauði depillinn er geimfar", sagði Heimir.



Nýtt merki Félags iðn- og tæknigreina

Gamla kerfið

Þeir sem voru á bótum fyrir fyrsta maí fá greitt eftir þeim reglum sem giltu þegar þeir fóru á bætur.

Styrkir til fyrirbyggjandi veikinda t.d heilsurækt eru kr. 6.000 kr ásamt afslætti við staði sem gerðir hafa verið samningar við t.d Styrk á Selfossi.

Útfarastyrkir taka mið af meðaltals útfarakostnaði Kirkjugarða Reykjavíkur og eru greiddir til greiðandi félagsmanna FIT. Aðra styrki þarf að sækja um sérstaklega. Tekið er mið af stöðu hvers félaga fyrir sig við ákvörðun þeirra.

Sjúkrasjóður

Sjúkrasjóður tryggir frá og með 1. maí 80% af þeim tekjum sem greitt er af í sjúkrasjóð að frádregnum bótum frá tryggingastofnun til þeirra sem hafa greitt minnst 3 mánuði í sjúkrasjóðinn annars hlutfallslega. Dæmi: Ef greitt er 1% af 300.000 kr á mánuði verða bæturnar 260.000 kr að frádregnum ca 26.000 kr frá tryggingastofnun.

Það er nokkuð mismunandi hvað félagsmenn eiga langan rétt á launum frá atvinnurekanda, fer eftir starfsaldri og greinum.

Sjúkrasjóðurinn tekur við þegar veikindadögum hjá vinnuveitanda lýkur. Einyrkjar fá bætur úr sjúkrasjóði FIT ef veikindi vara lengur en 31 dag. Eftir þann tíma tekur sjúkrasjóður við.

Laun fyrir óunna helgidaga

Laun fyrir óunna helgidaga, sem falla á mánudaga til föstudaga, eru greidd í 8 stundir á þeim texta sem starfsmaður fær í dagvinnu aðra daga, auk yfirborgunar, ef hún er fyrir hendi, þó að frádregnu fatagjaldi og verkfæragjaldi.

Heimilt er að greiða 4,59% álag á dagvinnulaun málara, múrara, pípulagningamanna og veggfóðrara og kemur það þá í stað dagvinnulauna fyrir greidda helgidaga.

Félagsgjald frá og með 1. maí 2003

Félagsgjald FIT verður 1,1% inni í því er endurmenntunargjald hluti sveina 253,- kr. tekur gildi frá og með 1.maí 2003. Þak er á gjaldinu kr. 43.495 kr. á ári. Þeir sem hafa greitt hærra fá endurgreitt 1. júní ár hvert. Sumir félagsmanna FIT hafa ekki verið með endurmenntunargjald t.d. garðyrkjumenn aðrir hafa verið með fasta krónutölu t.d. byggingarmenn en engin breyting verður hjá Bíliðnarmönnum / Félagi blikksmiða. Fagraðin gera tillögur um endurmenntunaragjaldið.

Áhugverðir dagar í Árbæjarsafni

29. júní, **sunnudagur: Byggingadagur.**

Dagskrá í tengslum við sýninguna: Saga byggingatækninnar. Iðnaðarmenn munu kynna störf sín og veita upplýsingar um viðhald og endurbætur gamalla húsa. Dagurinn er skipulagður í samvinnu við Menntafélag byggingariðnaðarins.

6. júlí, **sunnudagur: Fornbíladagur.**

Fornbílaklúbbur Íslands sýnir ýmsa merka bíla í eigu félagsmanna á safnsvæðinu. Félagsmenn verða á staðnum, sýna bílana og spjalla við gesti.

26. júlí: **laugardagur: Sýning á gömlum mótorfákum.**

Félagsmenn í Vélhjólafélagi gamlingja sýna uppgerð mótorhjól og spjalla við gesti.

Hægt er að nálgast boðsmiða á Byggingadaga á skrifstofu FIT, Suðurlandsbraut 30 Reykjavík.



Frá Árbæjarsafni í fyrra.